



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um svartíma fyrirspurna kjörtímabilið 2018-2022

Á 232. fundi skóla- og frístundaráðs, 14. júní 2022, lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir að fá upplýsingar um meðal svartíma fyrirspurna sem lagðar voru fram frá minnihlutanum á síðasta kjörtímabili.

Svar:

Kjörtímabilið 2018-2022 voru lagðar fram 181 fyrirspurn í skóla- og frístundaráði. Jafnframt voru lagðar fram 42 fyrirspurnir í borgarráði sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Lögð hafa verið fram svör við 208 af þessum 223 fyrirspurnum en eftir er að leggja fram svör við 15 fyrirspurnum. Frá því að fyrirspurn hefur verið lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs og þar til svar er lagt fram á fundi hafa að meðaltali liðið 159 dagar. Um 30% fyrirspurna var svarað innan 60 daga og um 50% fyrirspurna innan 120 daga.

Í október 2021 var samþykkt á skóla- og frístundasviði verklag varðandi meðferð fyrirspurna frá skóla- og frístundaráði. Þar er gert ráð fyrir að fyrirspurnum sé almennt svarað innan 2 mánaða.